

Föstudaginn 19. mars 1982.

Nr. 184/1980. **Erla Guðmundsdóttir**

(Guðmundur Markússon hrl.)

gegn

**Hallgrími B. Geirssyni**

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.).

Víxilmál.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 29. september 1980. Hún gerir þær dómkröfur, að hún verði sýknuð af kröfum stefnda í málinu og henni dæmdur málskostnaður úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Sigurður Jónsson, sem stefnt var til varnaraðildar í héraði, hefur ekki áfrýjað héraðsdóminum af sinni hálfu.

Svo sem greinir í héraðsdómi, var mál þetta upphaflega höfðað sem tvö mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur. Annað þeirra, bæjarþingsmálið nr. 6955/1979, var höfðað til heimtu 3 víxla með gjalddögum 1. ágúst, 1. september og 1. október 1979. Það mál var þingfest á bæjarþinginu 23. október 1979, en greinargerð af hálfu áfrýjanda lögð fram á dómþingi 20. nóvember 1979. Í því máli var sótt þing af hálfu áfrýjanda við þingfestingu og síðari þinghöld.

Hitt málið, bæjarþingsmálið nr. 7239/1979, var höfðað til heimtu víxilsins með gjalddaga 1. nóvember 1979. Í því var ekki sótt þing af hálfu áfrýjanda fyrr en 11. febrúar 1980. Kom greinargerð í því máli fram af hennar hendi þann dag.

Málin voru síðan sameinuð með heimild í 117. gr. laga nr. 85/1936 á dómþingi 19. febrúar 1980 og málið munnlega flutt og dómtekið 2. júní s. á.

Fyrir Hæstarétti reisir áfrýjandi dómkröfur sínar alfarið

á því, að ekki hafi verið ritaður útgáfudagur á víxlana, sem málið er risið af, þegar þeir voru afsagðir. Hafi þeir því ekki fullnægt formkröfum 7. tl. 1. gr., sbr. 1. mgr. 2. gr. víxillaga nr. 93/1933. Virðist áfrýjandi telja, að þar sem víxlarnir hafi ekki haft víxilgildi, þegar þeir voru sýndir til greiðslu og afsagðir, séu afsagnargerðirnar marklausar og víxilréttur glatadur gagnvart henni vegna vangeymslu.

Framangreindri málsvörn var ekki hreyft fyrr en við munnlegan flutning máls í héraði 2. júní 1980. Hefði þó verið til þess sérstakt tilefni að gera það miklu fyrr, þar sem Sigurður Jónsson, sem einnig var stefnt til greiðslu víxlanna, hafði uppi frávísunarkröfu á því reista, að skjölin hefðu ekki víxilgildi. Var málið flutt sérstaklega um þá kröfu 3. mars 1980, án þess að áfrýjandi hreyfði neinum athugasemdum um, að formgallar á víxlunum hefðu leitt til þess, að þeir væru ekki réttilega afsagðir og víxilábyrgð hennar því fallin niður. Var frávísunarkröfunni síðan hrundið með úrskurði 12. mars 1980, sem ekki var kærður til Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms verður að telja, að málsvörn áfrýjanda, sú sem að framan greinir, hafi verið of seint fram borin. Og þar sem áfrýjandi hefur ekki uppi aðrar ástæður fyrir kröfum sínum fyrir Hæstarétti, svo sem áður var sagt, verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur að því er varðar áfrýjanda að öðru leyti en því, að krafan um bankakostnað verður ekki tekin til greina.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 3.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

#### D ó m s o r ð :

Áfrýjandi, Erla Guðmundsdóttir, á að vera sýkn af framangreindri kröfu stefnda, Hallgríms B. Geirssonar, um bankakostnað.

Að öðru leyti á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður.

Áfrýjandi greiði stefnda 3.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lög-  
um.

### **Dómur bæjarþings Reykjavíkur 4. júlí 1980.**

#### **I.**

Mál þetta, sem dómtekið var 2. júní sl., hefur Hallgrímur B. Geirsson héraðsdómslögmaður, Vesturgötu 17, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með áskorunarstefnu, birtri 11. og 15. október 1979, á hendur Sigurði Jónssyni, Vesturbraut 13, Hafnarfirði, og Erlu Guðmundsdóttur, Hólabraut 12, Keflavík.

Jafnframt höfðaði stefnandi mál á hendur þessum sömu aðiljum með áskorunarstefnu, birtri 13. og 17. nóvember 1979. Mál það var þingfest 27. nóvember sl. sem bæjarþingsmálið nr. 7239/1979: Hallgrímur B. Geirsson hdl. gegn Sigurði Jónssyni og Erlu Guðmundsdóttur. Það var síðan sameinað þessu máli.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði gert að greiða sér in solidum kr. 520.000 með 4.5% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð af kr. 130.000 frá 1. ágúst 1979 til 1. september s. á., en af kr. 260.000 frá þeim degi til 1. október s. á., en af kr. 390.000 frá þeim degi til 1. nóvember s. á., en af kr. 520.000 frá þeim degi til greiðsludags, kr. 15.640 í bankakostnað, kr. 4.200 í afsagnarkostnað, og málskostnað að mati réttarins.

Stefndi Sigurður skilaði greinargerð 11. febrúar sl. og krafðist sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómsins.

Greinargerð af hálfu stefndu Erlu var lögð fram 20. nóvember 1979 og krafist sýknu af kröfum stefnanda eða að málið yrði fellt niður án kostnaðar. Við munnlegan málflutning var gerð krafa um sýknu og málskostnað að skaðlausu.

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust.

#### **II.**

Skuldina kveður stefnandi vera samkvæmt fjórum víxlum, hverjum að fjárhæð kr. 130.000, þremur útgefnum 1. mars 1979 af stefndu Erlu og framseldum eyðuframsali af henni, en samþykktum af stefnda Sigurði til greiðslu í Landsbanka Íslands með gjalddögum 1. ágúst, 1. september og 1. október 1979 og afsögðum sökum greiðslufalls 3. ágúst, 4. septemeber og 3. október 1979, en einum útgefnum 1. ágúst 1979 af stefndu Erlu og framseldum eyðuframsali af henni, en samþykktum af stefnda Sigurði til

greiðslu í Landsbanka Íslands, Reykjavík, með gjalddaga 1. nóvember 1979 og afsögðum sökum greiðslufalls 5. nóvember 1979.

Ítrekaðar greiðsluáskoranir hafi ekki borið árangur.

### III.

Stefnandi byggir kröfur sínar á framangreindum víxlum, sem séu formlega réttir. Stefnda Erla hafi fyllt út víxlana og með eyðuframsali hafi hún veitt handhafa þeirra umboð til nánari útfyllingar.

Sú varnarástæða stefndu Erlu um, að víxlarnir hafi ekki verið með útgáfudag við afsögn, sé of seint fram komin og beri því ekki að taka hana til greina.

Afsögn eigi að sanna ákveðnar staðreyndir um víxil, í þessu tilviki greiðslufall, en engin fyrirmæli séu í lögum um, að víxill skuli vera rétt útfylltur við þetta tímamark.

Afsagnargerð eigi ekki að hafa áhrif á greiðsluskuldbindingu samþykkjanda.

Aðrar varnir en víxilvarnir fá ekki komist að í máli þessu.

Stefndi Sigurður styður sýknukröfu sína þeim rökum, að hann skuldi ekki umstefnda víxla, þar sem hann eigi skuldajafnaðarkröfu á hendur eiganda þeirra, sem sé Björgvin Eiríksson, en stefnandi muni vera lögmaður hans. Víxlarnir hafi verið greiðsla á húsaleigu fram í tímann og hafi þeir átt að afhendast stefnda Sigurði, þegar hann skilaði húsnæðinu í hendur Björgvins Eiríkssonar.

Í öðru lagi byggir stefndi Sigurður sýknukröfu sína á því, að stefnandi sé ekki réttur aðili málsins, þar sem hann sé ekki eigandi umstefndra víxla.

Við rannsókn hjá rannsóknarlögreglu ríkisins hafi komið fram, að stefndi skuldi ekki víxlana.

Mál þetta eigi ekki að reka sem víxilmál, þar sem skjölin séu ekki víxlar í skilningi víxillaga. Sýkna beri stefnda Sigurður að svo stöddu, þar sem víxlarnir höfðu ekki útgáfudag við afsögn.

Stefnda Erla styður sýknukröfu sína þeim rökum í greinargerð, að umstefndir víxlar hafi verið greiðsla á húsnæði, sem Björgvin Eiríksson, eigandi að húsinu nr. 12 við Vesturbraut í Hafnarfirði, hafi leigt báðum stefndu. Húsaleigan skyldi greidd með víxlum, sem voru út gefnir af stefndu Erlu langt fram í tímann. Hins vegar hafi eigandi húsnæðisins ekki staðið í skilum með leiguhúsnæðið, þ. e. a. s. það hafi ekki verið laust á tilsettum tíma og á því hafi reynst vera leyndir gallar, sem ekki reyndist unnt að

bæta úr, þ. e. silfurskottur í snyrtiherbergi og eldhúsi og jafnvel víðar, en ekki tókst að svæla þær út. Hafi stefndu lagt í mikinn kostnað við standsetningu íbúðarinnar og telji þar með, að leigan fyrir þann stutta tíma, sem þau höfðu íbúðina, sé að fullu greidd.

Við munnlegan málflutning var sýknukrafa stefndu Erlu studd þeim rökum, að víxilkröfu hafi ekki verið haldið í gildi, sbr. skilyrði víxillaga, þar sem víxlarnir hafi ekki haft útgáfudag, þegar afsagnargerð fór fram. Munur sé á því, hvort þessu sé haldið í gildi varðandi samþykkjanda eða útgefanda, sbr. 1. og 3. mgr. 44. gr. víxillaga. Skjalið verði að vera orðið víxill við afsögn, sbr. 38. gr. víxillaga. Dómur hafi gengið um þetta efni á bæjarþingi Hafnarfjarðar, sbr. dskj. nr. 13.

Varnir þessar séu ekki of seint fram komnar. Þær séu í raun ex officio málsástæður vegna hinna ströngu skilyrða víxillaga. Stefnda Erla hafi í upphafi haft annan lögmann í málinu og sé núverandi umboðsmaður hennar kominn seint inn í málið og hafi því ekki haft tök á því að koma með þessar málsástæður fyrr. Í raun hafi stefnandi samþykkt þessar málsástæður, þar sem fyrri ræða hans hafi m. a. byggst á þessum nýju varnarástæðum stefndu Erlu.

#### IV.

Stefnandi hefur lagt fram fjóra víxla, sem eru formlega réttir og í samræmi við málavaxtalýsingu hans og sem hann er lögmaður og handhafi að fyrir eyðuframsal. Verður því að líta svo á, að hann sé réttur aðili að málinu.

Gegn andmælum stefnanda verður þeirri málsástæðu stefndu Erlu ekki komið að í máli þessu, að víxlarnir hafi ekki verið formlega réttir við afsögn, enda mátti koma þeirri málsástæðu að þegar í upphafi málsins, en var fyrst haldið fram við munnlegan málflutning, sbr. 110. gr. laga nr. 85/1936.

Enn fremur verður þeim vörnum, sem varða viðskiptin að baki víxlunum, ekki komið að í máli þessu gegn andmælum stefnanda, þar sem málið er rekið sem víxilmál.

Samkvæmt framansögðu ber að taka kröfu stefnanda til greina að öllu leyti.

Málkostnaður þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 235.000.

Sigríður Ólafsdóttir, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þennan, en uppkvaðning hans hefur dregist nokkuð vegna embættisanna dómarans.

## Dómsorð:

Stefndu, Sigurður Jónsson og Erla Guðmundsdóttir, greiði in solidum stefnanda, Hallgrími B. Geirssyni héraðsdómslögmanni, kr. 520.000 með 4% dráttarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð af kr. 130.000 frá 1. ágúst 1979 til 1. september s. á, en af kr. 260.000 frá þeim degi til 1. október s. á., en af kr. 390.000 frá þeim degi til 1. nóvember s. á., en af kr. 520.000 frá þeim degi til greiðsludags, kr. 15.640 í banka-kostnað, kr. 4.200 í afsagnarkostnað og kr. 235.000 í máls-kostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 19. mars 1982.

Nr. 113/1978. **Oliuverslun Íslands h/f**

(Guðmundur Pétursson hrl.)

gegn

**Halldóri Júlíussyni**

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Skuldamál. Vextir.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Gísli Kjartansson, fulltrúi sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, og meðdómendurnir Helgi Björnsson bókhaldari og Bragi Jósafatsson verslunarstjóri hafa kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. júní 1978. Krefst hann sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.